

## Múlaborg



2022 – 2023

### **Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

|                                                              |           |
|--------------------------------------------------------------|-----------|
| Leiðarljós leikskólans .....                                 | 4         |
| 1 Greinargerð leikskólastjóra .....                          | 4         |
| 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021 .....        | 6         |
| 3 Innra mat xxx deildar .....                                | 9         |
| 4 Innra mat sérkennslu .....                                 | 23        |
| 5 Innra mat – fjöltyngd börn .....                           | 25        |
| 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla .....                       | 28        |
| 7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva ..... | 29        |
| 8 Foreldrasamvinna .....                                     | 29        |
| 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....                   | 29        |
| 10 Fylgigögn .....                                           | 30        |
| <b>10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs .....</b>         | <b>30</b> |



## Leiðarljós leikskólans: Virðing – Traust – Jafnrétti

### 1 Greinargerð leikskólastjóra

Sem ráðgjafaleikskóli hefur Múlaborg langa sögu að baki og er mikill metnaður lagður í að framfylgja stefnu leikskólans sem er „**Leikskóli fyrir alla**“. Við leggjum áherslu á uppeldi barna með og án fatlana og komum til móts við þarfir hvers og eins óháð getu, uppruna, þroska og kynþætti. Auk þess skoðum við jafnrétti í mjög víðu samhengi sem nær bæði yfir barna- og starfsmannahópinn sem er mjög fjölbreyttur, fólk kemur frá ótalmörgum löndum, með ólíkan bakgrun, menntun, á mjög ólíkum aldri og af öllum kynjum. Við erum stolt af okkar stefnu sem við framfylgjum af mikilli ástríðu. Alls eru 80 börn í leikskólanum en eftir opnun á 3 ungubarnadeildum eru þau orðin 148. Starfsmenn eru nú orðin 47.

Farið var í liðsheildar- og fræðsluferð til Alicante á Spáni. Skerpt var á *Leikur að læra* aðferðinni og farið í heimspekítíma. 12 manns voru eftir í leikskólanum og var námskeið í Leikur og læra aðferðinni í boði fyrir þau og heimsóknir í leikskóla.

Verið er að vinna að innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur og lögð hefur verið áhersla á sjálfsefningu með yfirskriftinni „*Ég er eins og ég er*“. Fengin var fyrirlesari um sjálfsefningu sem skilaði bæði gagni og gaman fyrir starfsfólk.

Hér ekki hægt að sleppa því að minnst á Covid-19 en það hafði áhrif á starf okkar á síðasta skólaári eins og allra í samfélaginu. Frábær og faglegur starfsmannahópur stóð vaktina. Við lærðum ýmislegt á þessum tíma, nýttum okkur fjarskiptatækni til samskipta við foreldra, á skipulagsdögum, á fundum og foreldraviðtölum. Þessi samskiptaaðferð er líklega komin til að vera í ákveðnum tilvikum.

Miklar breytingar hafa átt sér stað á Múlaborg vegna stækkunar á leikskólanum. Ekki er hægt að neita því að þessar breytingar hafa reynt á alla. Framkvæmdir hafa verið utan sem innan og hafa börn, starfsfólk og foreldrar tekist á við allt af miklu jafnaðargeði.

Starfsmannahópur hefur verið nokkuð stöðugur. Stækkunin hefur þó kallað á margar nýjar ráðningar í sumar og í haust. Stjórnendateymið hefur staðið þétt saman með mikilli og góðri samvinnu sem hefur skilað sér í starfsmannahópinn.

Leikskólinn er að taka þátt í 3 ára rannsóknar verkefni á vegum Erasmus+ sem heitir Be-Inclusive. Þetta er samvinnuverkefni milli þriggja landa; Belgíu, Portúgals og Íslands. Háskólar frá hverju landi vinna starfendarannsókn og okkar þáttur er að ígrunda eigin störf og skoða hvernig við getum bætt

starfshætti með hagsmuni barna með sérþarfir og foreldra þeirra að leiðarljósi. Rannsóknarspurning verkefnisins er: Hvernig getur leikskólinn styrkt stöðu barna með sérþarfir og foreldra þeirra?

Markmiðið með Be-In verkefninu er að styrkja hæfni fagfólks í leikskólastarfi í vinnu með börnum með sérþarfir og að byggja upp samstarf með foreldrum þeirra. Eftir að við höfðum metið starf okkar og skoðað þá þætti sem þyrfti að bæta, var ákveðið að Múlaborg myndi endurskoða teymisfundi þar sem aukin áhersla er lögð á þarfir og þátttöku foreldra.

Með þátttöku okkar erum við að kynna þá hugmyndafræði og sýn sem við tileinkum okkur í vinnu með börnum með sérþarfir og foreldrum þeirra. Samstarf foreldra og fagfólks ætti að byggjast á trausti og sameiginlegri ábyrgð.

Kristín Árnadóttir

Leikskólastjóri Múlaborgar

## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

### Innra mat

| Hvað var metið?          | Hvernig fór matið fram? | Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir) | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) |
|--------------------------|-------------------------|------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------|
| Einstaklingsáætlun barna | Á fagfundum             | Stjórnendateymið                                                 | Ekki nægilega skýr og hnitmiðuð.                             |
|                          |                         |                                                                  |                                                              |
|                          |                         |                                                                  |                                                              |
|                          |                         |                                                                  |                                                              |
|                          |                         |                                                                  |                                                              |
|                          |                         |                                                                  |                                                              |
|                          |                         |                                                                  |                                                              |

### Ytra mat

| Hvað var metið?          | Hvernig fór matið fram?  | Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir) | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)                       |
|--------------------------|--------------------------|------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------|
| Viðhorfsskönnun foreldra | Könnun send til foreldra | Foreldrar/Forráðamenn                                            | Við komum vel út á öllum sviðum nema helst í foreldrasamvinnu og þá á elstu deild. |
|                          |                          |                                                                  |                                                                                    |
|                          |                          |                                                                  |                                                                                    |
|                          |                          |                                                                  |                                                                                    |

## Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

| UMBÓTAÞÁTTUR/<br>MATSPÁTTUR                                 | Tækifæri til umbóta                                          | Aðgerðir til umbóta                                                                                      | Ábyrgð                           | Hefst      | Lokið                             | Hvernig og hvenær metið/aðferðir?                           | Viðmið um árangur                                                                                      |
|-------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------|------------|-----------------------------------|-------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Stjórnun</b>                                             |                                                              |                                                                                                          |                                  |            |                                   |                                                             |                                                                                                        |
| Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar | Að hverju er stefnt?                                         | Hvernig framkvæmum við það?                                                                              | Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir |            |                                   | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
|                                                             | Að Stóri og Litli Múli læri að vinna sem ein heild           | Að starfsfólk sem hefur starfað á Múlaborg um nokkurn skeið deili reynslu sinni og þekkingu á milli húsa | Stjórnunarteymi                  | Ágúst 2022 | Verkefni næstu tvö til þrjú ár    | Rýnihópur<br>Tékklistar                                     | Samanburður á milli Stóra og Litla Múla                                                                |
|                                                             | Að starfsfólk vinni á Stóra og Litla Múla sem einn leikskóli | Fundir, upplýsingaflæði og sameiginlegir viðburðir                                                       | Stjórnunarteymi                  | Ágúst 2022 | Verkefni sem er komið til að vera | Könnun                                                      | Könnun                                                                                                 |
| Uppeldis- og menntastarfið                                  |                                                              |                                                                                                          |                                  |            |                                   |                                                             |                                                                                                        |



|                                   |                                               |                                                                        |                 |             |               |                           |                                            |
|-----------------------------------|-----------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------|-----------------|-------------|---------------|---------------------------|--------------------------------------------|
|                                   | Að bæta einstaklingsnámskrár barna            | Fara yfir þá vinnu sem búið er að leggja í að yfirfara gamlar námskrár | Stjórnunarteymi | Janúar 2023 | Ágúst 2023    | Samráðsfundur             | Foreldravíðtöl 2023 fara fram í nýju formi |
|                                   |                                               |                                                                        |                 |             |               |                           |                                            |
| Mannauður/<br>Leikskóla<br>bragur |                                               |                                                                        |                 |             |               |                           |                                            |
|                                   | Að öllum líði vel í vinnunni                  | Starfsmannaviðtöl                                                      | Stjórnunarteymi | Janúar 2023 | Desember 2023 | Könnun Reykjavíkur borgar | Góðar niðurstöður úr könnunum              |
|                                   | Að allir fái rödd og tækifæri til að efla sig | Starfsmannaviðtöl                                                      | Stjórnunarteymi | Janúar 2023 | Desember 2023 | Könnun Reykjavíkur borgar | Góðar niðurstöður úr könnunum              |
| Innra mat                         |                                               |                                                                        |                 |             |               |                           |                                            |
|                                   |                                               |                                                                        |                 |             |               |                           |                                            |
|                                   |                                               |                                                                        |                 |             |               |                           |                                            |





### 3 Innra mat Kisudeildar

| UMBÓTAÞÁTTUR/<br>MATSPÁTTUR      | Tækifæri<br>til umbóta                                                               | Aðgerðir til<br>umbóta                                                                                                                                                | Ábyrgð            | Hefst        | Loki<br>ð        | Hvernig<br>metið/aðfer<br>ðir?                                                                         | Viðmið<br>um<br>árangur                                                                 |
|----------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------|--------------|------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>TMT – Tákn með<br/>tali</b>   | Að efla<br>notkun<br>TMT í<br>daglegu<br>starfi                                      | Starfsfólk<br>æfir sig í<br>undirbúning<br>á<br>deildarfund<br>um og við<br>setjum upp<br>TMT spjöld<br>upp á vegg.<br>Notum TMT<br>markvissara<br>í frjálsum<br>leik | Deildarstj<br>óri | Sept.<br>'22 | Maí<br>'23       | Skráning og<br>vettvangsathu<br>gun<br>ábyrgðaraðila                                                   | Aukin<br>notkun<br>TMT í<br>daglegu<br>starfi,<br>þar á<br>meðal í<br>frjálsum<br>leik. |
| <b>Sjálfsfelling</b>             | Að auka<br>sjálfstæði<br>barnanna<br>og ýta<br>þannig<br>undir trú á<br>eigin getu.. | Að<br>starfsfólk<br>gefi<br>börnunum<br>tækifæri á<br>að gera<br>hlutina sjálf<br>með<br>hvatningu.                                                                   | Deildarstj<br>óri | Sept'<br>22  | Mai<br>'23       | Skráning,<br>ábyrgðarmaðu<br>r gerir<br>vettvangsathu<br>gun og ræðir<br>niðurstöður á<br>deildarfund. | Sýnilegu<br>r<br>árangur<br>hjá<br>börnunu<br>m.                                        |
| <b>Einsataklingsnám<br/>skrá</b> | Aldurssvara<br>ndi<br>námskrá                                                        | Þróun<br>nýrrar<br>námskrár<br>sem er<br>aldurssvara<br>ndi. Þróa<br>námskrána<br>á<br>fagfundum                                                                      | Deildarstj<br>óri | Sept,<br>22  | Ágú<br>st<br>'23 | Skráning.<br>Metið á fyrsta<br>deildarstjóraf<br>undi á<br>hverjum<br>mánuði.                          | Að<br>námskrái<br>n sé<br>komin í<br>fulla<br>notkun<br>haustið<br>2023                 |



|                                                       |                                                                                                                        |                                                                                                                                                                                                                                             |                                                         |             |            |                                                                               |                                                                                                  |
|-------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------|-------------|------------|-------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                                                       |                                                                                                                        | mánaðarleg<br>a.                                                                                                                                                                                                                            |                                                         |             |            |                                                                               |                                                                                                  |
| Einstaklings<br>námskrá og<br>foreldrar               | Virkja<br>foreldra til<br>þátttöku                                                                                     | Könnun<br>meðal<br>foreldra                                                                                                                                                                                                                 | Deildarstj<br>óri                                       | Sept'2<br>2 | Ágúst '22  | Skráning.<br>Metið á fyrsta<br>deildarstjóra-<br>fundi hvers<br>mánaðar       | Að<br>námskráin sé<br>komin í<br>fulla<br>notkun<br>hausið<br>2023                               |
| Náttúra og<br>umhverfi í<br>samblandi við<br>myndlist | Að tengja<br>umræður,<br>starf og leik<br>við náttúru<br>og umhverfi<br>og vinna/<br>þróa<br>myndlistina<br>út frá því | Starfsfólk<br>tekur<br>markvissa<br>og<br>áframhalda<br>ndi<br>umræður<br>sem tengja<br>náttúru og<br>umhverfi<br>okkar.<br>Starfsfólk<br>tengir starf<br>og leik við<br>þær<br>umræður<br>og styðja<br>við frjálsa<br>myndsköpu<br>n barna | Starfsfólk<br>Kisudeildar<br>(Jóhanna<br>–<br>myndlist) | Sept<br>'22 | Mai<br>'23 | Skráning.<br>Metið á fyrsta<br>deildarstjóraf<br>undi á<br>hverjum<br>mánuði. | Börnin<br>taka þátt<br>í<br>umræðum og<br>myndlist<br>sem<br>tengja<br>náttúru<br>og<br>umhverfi |



## TMT

Við notum TMT í daglegu starfi en þar sem við þurfum að gera betur er að nota TMT í frjálsum leik. Markmiðið er að starfsfólk notar tákni með tali í frjálsum leik, að starfsfólk tákni lykilorð í setningum sem tengjast frjálsum leik (tákna t.d. leika, bíll, dúkka, kubba og þess háttar) og fá til þess undirbúningstíma, mikilvægt er einnig að allir taki ábyrgð og vinni saman. Við byrjum í september og við metum stöðina á deildarfundum mánaðalega. Deildarstjóri verður þá búin að gera vettvangsathugun og skráningu og fer yfirniðurstöður með deildinni. Í maí viljum við sjá sýnilegan árangur þar sem bæði börn og starfsfólk notar TMT í frjálsum leik.

Á Kisudeild getur fólk fengið undirbúning til þess að fara yfir TMT. Það er instagram síða sem heitir takn\_med\_tali þar sem starfsfólk og foreldrar geta skoðað hvernig tákni eru mynduð. Mikilvægt er að nota öll tækifæri að læra hluti með börnunum. Deildarstjóri sér um að prenta út ákveðin tákni á hverjum mánuði (t.d. janúar matur, febrúar föt). Börnin hjálpa að klippa út og para við réttu myndina og æfa þannig saman með starfsfólki tákni. Við munum nota TMT-spil sem er á málörvunarveggnum og getum gert það t.d. eftir matartíma. Við metum á deildarfundum hvernig það gengur. Eins munum við deildarstjórar útbúa gagnabanka á Instagram- reikningi leikskólans þar sem að lag og tákni vikunnar verður sett inn vikulega. Þangað geta stafsmenn leitað til þess að læra ný tákni sem og börn og foreldrar.

## Sjálfsþing:

Markmiðið er að börnin sýni aukið sjálfstæði, með hvatningu og tækifærum til þess að gera sjálf, skapast vettvangur til náms fyrir börnin. Deildarstóri ber ábyrgð á matinu, með skráningu og vettvangsathugun og kynningu á niðurstöðum á deildarfundum. Sýnilegur árangur hjá börnunum er sá mælikvarði sem við munum styðjast við.

Við vinnum jafnt og þétt með Barnasáttmálann yfir veturinn – ný réttindi eru kynnt til leiks í hverri viku og umræður um réttindi barna höfð í samverustund vikulega. Ábyrgðarmanneskja fyrir Barnasáttmálunum fær undirbúningstíma til þess að kynna sér réttindi barna og hvernig hægt er að skapa umræður um réttindi með tilliti til aldurs og reynslu barnanna á deildinni.

Starfsfólk þarf að gefa börnum næg tækifæri í að æfa þolinmæði og skapa rými fyrir frjálsan leik – hvetja þau til að nota ímyndunarafli/ frumkvæði í öllu því sem þau hafast við yfir daginn í leikskólanum. Gera ráð fyrir því að þau geti gert flest sjálf og hjálpa þeim að finna leiðir ef þess þarf .

Við þurfum að hrósa börnunum fyrir það sem vel er gert. Látum þau vita að þau skipta máli.

Mikilvægt að allir kennarar hafi svipað viðhorf. Að börn eru einstaklingar sem geti lært ef þau fá rétta efniviðinn og kennsluna.



Við notum öll tækifæri í að ræða og vinna markvisst með tilfinningar og setjum orð á hvernig okkur líður og hvað við getum svo gert. Við leggjum áherslu á að börnin læri að lesa tilfinningar annarra og kennum þeim aðferðir til að tjá tilfinningar sínar og vilja.

Börn skipuleggja starfið með okkur starfsfólkinu og verður starfsfólk að gefa börnum tækifæri að efla þátttöku á sem flestum sviðum út frá því sem barnið getur (einstaklingsmiðað) ekki það sem þau geta ekki. Ef börn finna að þeim sé treyst af starfsfólki byrja þau að treysta eigin getu.

Sjálfsfelling verður þannig hugarfar í almennu starfi frekar en eitt skilgreint atriði. Við metum á deildarfundum hvernig þetta gengur.

### **Einstaklingsnámskrá:**

Markmiðið er að áherslupættir einstaklingsnámskrárinnar séu aldurssvarandi, þróa þarf fimm nýjar einstaklingsnámskrár þar sem hver námskrá tekur á því aldursbili. Deildarstjórar undirbúa vinnuna með áherslu á aldur barnanna á þeirra deildum. Á fagfundum verða námskrárnar þróaðar með samvinnu deildarstjóra og stjórnenda. Þróunarvinnan verður metin á fyrsta deildarstjórafundum í hverjum mánuði. Haustið 2023 eiga nýju námskrárnar að vera komnar í notkun.

### **Einstaklingsnámskrá:**

Markmiðið er foreldrasamvinna, foreldrar taki virkan þátt í gerð einstaklingsnámskrá barna sinna.

Foreldrar séu meðvitaðir um að þeir geta haft áhrif á nám barna sinna. Með könnun fáum við sýn og þá áherslupætti sem foreldrar vilja leggja áherslu á. Deildarstjóri ber ábyrgð.

Foreldrar fá opnar spurningar sendar heim ca. viku fyrir foreldraviðtöl, þannig skapast vettvangur til þess að ræða um það sem foreldrar vilja að lagt sé áhersla á og þannig fá foreldrar einnig innsýn í starf deildarinnar.

### **Náttúra og umhverfi í samblandi við myndlist**

Flesta námsþætti sem börn eiga að læra er hægt að tengja við náttúru og umhverfi. Markmiðið er að börn læri á sig sjálf og umhverfi sitt með því að tala um sig og umhverfi sitt og tengja þannig starf og leik við þær umræður. Í hverri viku tengjum við gildi/dyggðir eins og samkennd, hugrekki, virðingu og umhyggju við náttúru og umhverfi. Í hverjum mánuði tökum við nýtt þema úr náttúrunni og vinnum/leikum út frá því. Vettvangsferðir verða tengdar þessu þema og alltaf með lýðræðið í fyrsta sæti þar sem börnin taka þátt í vali vettvangsferðar og myndlistinni/verkefninu sem unnið er í kjölfarið.

Myndlistin á ekki að vera fyrir fram ákveðin af starfsfólki heldur af börnunum. Starfsfólk styður börnin



Í að velja sér efnivið, hvernig og hvenær þau þróa sína sköpun. Það starfsfólk sem vill meiri fræðslu um allt sem tengir þessi markmið og almenn störf tekur ábyrgð og fær undirbúning eftir þörfum til þess að lesa sig til, fara á námskeið, læra af öðrum o.s.frv..

Stundaskrá verður mótuð í samvinnu við börnin og ekki fyrir fram ákveðin. Starfsfólk hugsar út frá óskum, hagsmunum og þörfum barnanna en ekki út frá eigin þægindaramma. Allt starfsfólk ber ábyrgð á þátttöku í þessum markmiðum. Jóhanna er með ábyrgð á myndlistinni, að hún sé stunduð með réttu hugarfari. Deildarstjóri ber ábyrgð á skráningum og förum við yfir þær á deildarfundum. Í maí verður metið hvernig hefur gengið með því að fara yfir skráningar, skoða þátttöku barnanna og skoða okkar (starfsfólksins) nálgun á þessu markmiði.

## Innra mat Bangsadeildar

| UMBÓTAÞÁTTUR/<br>MATSPÁTTUR | Tækifæri til umbóta                                           | Aðgerðir til umbóta                                                                                                               | Ábyrgð        | Hefst      | Lokið    | Hvernig metið/aðferðir?                                                              | Viðmið um árangur                                               |
|-----------------------------|---------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------|------------|----------|--------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------|
| <b>Tákn með tali</b>        | Að efla notkun TMT í daglegu starfi                           | Starfsfólk æfir sig í undirbúning, á deildarfundum og við setjum upp TMT spjöld upp á vegg. Notum TMT markvissara í frjálsum leik | Deildarstjóri | Sept. 2022 | Maí 2023 | Skráning og vettvangs-athugun ábyrgðaraðila                                          | Aukin notkun TMT í daglegu starfi, þar á meðal í frjálsum leik. |
| <b>Sjálfsfelling</b>        | Að auka sjálfstæði barnanna og ýta þannig á trú á eigin getu. | Að starfsfólk gefi börnunum tækifæri á að gera hlutina sjálf með hvatningu                                                        | Deildarstjóri | Sept. 2022 | Maí 2023 | Skráning, ábyrgðarmaður gerir vettvangs-athugun og ræðir niðurstöður á deildarfundum | Sýnilegur árangur hjá börnunum.                                 |



|                       |                                          |                                                                                                                                           |               |            |            |                                                               |                                                                               |
|-----------------------|------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------|------------|------------|---------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------|
| Einstaklings námskrá  | Aldurs-svarandi námsskrá                 | Þróun nýrrar námskrár sem er aldurssvarandi þróa námskrána á fagfundum mánaðarlega                                                        | Deildarstjóri | Sept. 2022 | Sept. 2023 | Skráning, Metið á fyrsta deildarstjóra-fundi á hverjum mánuði | Að námskráin sé komin í notkun haustið 2023                                   |
| Einstaklings-námsskrá | Virkja foreldra til þátttöku.            | Sendi könnun á foreldra                                                                                                                   | Deildarstjóri | Sept. 2022 | Maí- 2023  | Skráning, metið á fyrsta deildarstjóra-fundi hvers mánaðar.   | Að námskráin sé komin í notkun haustið '23                                    |
| Leikur að læra, LAL   | Að þróa betur Leikur að læra inn á deild | Leikur að læra stundir tvisvar í viku. Starfsfólk skiptist á að skipuleggja stundirnar. Fara líka í undirbúning til að læra meira um LAL. | Deildarstjóri | Sept. 2022 | Maí 2023   | Skráning, Farið mánaðarlega yfirá deildarfundum.              | Að það verði reglulegar og vel skipulagðar LAL stundir sem starfsmenn sjá um. |

## TMT

Við notum TMT í daglegu starfi en það sem við þurfum að gera betur er að nota TMT í frjálsum leik. Markmiðið er að starfsfólk notar tákni með tali í frjálsum leik, að starfsfólk tákni lykilorð í setningum sem tengjast frjálsum leik (tákna t.d. leika, bíll, dúkka, kubba og þess háttar), mikilvægt er einnig að allir taki ábyrgð og vinni saman.

Á Bangsadeild munum við hleypa fólki í undirbúning til að æfa TMT, við munum taka fyrir ákveðin atriði í ákveðin tíma. T.d. æfa dýr í 2 vikur, föt næstu 2 vikur o.s.v.fr. Við förum svo yfir þessi tákni á deildarfundum. Deildarstjóri verður góð fyrirmynd að nota TMT og hvetur aðra starfsmenn til að nota



þau í almennum leik yfir allan daginn. Við ætlum líka að spila TMT spil, vera dugleg að syngja og nota TMT. Lag og táknið vikunnar verður áfram og verður það sett inn á Instagram þar sem starfsmenn og foreldrar geta skoðað og lært táknið og lögin.

Við byrjum í september og við metum stöðina á deildarfundum mánaðalega. Deildarstjóri verður þá búin að gera vettvangsathugun og skráningu og fer yfir niðurstöður með deildinni. Í maí viljum við sjá sýnilegan árangur þar sem bæði börn og starfsfólk notar TMT í frjálsum leik.

### **Sjálfsfelling:**

Markmiðið er að börnin sýni aukið sjálfstæði, með hvatningu og tækifærum til þess að gera sjálf skapast vettvangur til náms fyrir börnin.

Að starfið í leikskólanum sé að einhverju leyti einstaklingsmiðað og unnið sé með styrkleika barnanna. Hafa starfið sveigjanlegt. Við einblína á það sem börnin geta en ekki það sem þau geta ekki.

Meiri þátttaka og ábyrgð barnanna. Eflum þátttöku barnanna á sem flestum sviðum. Leyfum þeim að taka ákvarðanir með okkur og skipuleggja starfið. Að skoðanir þeirra skipta máli. Höfum hópfunði þar sem börnin geta komið með sínar hugmyndir og tekið ákvarðanir eins og t.d. hvað á að vera í matinn, hvaða lög á að syngja og hvaða leikföng þurfa að vera til.

Starfsfólk styður við börnin og eflir þau í að gera sjálf allan daginn. Passa að hjálpa þeim ekki of mikið þar sem börn læra mest með því að gera sjálf. „Learning by doing“.

Það sem börnin eru að æfa sig í er t.d. að klæða sig sjálf í fataklefanum, að nota hníf í matartímanum, æfa að segja hvað þau vilja; *ég vil, má ég*, að koma fram fyrir hópinn og tala, að leysa ágreiningsmál sjálf, efla sjálfstæði þeirra og sjálfstraust. **Þú getur þetta, ég hef fulla trú á þér!**

Lesið bækur um sjálfsfellingu og ræðið þær á eftir með börnunum. Setjum orð á tilfinningar og ræðum hvernig við getum sem best æft okkur í samskiptum og lært að segja hvernig okkur líður.

Gefum þeim tækifæri til að koma fram fyrir aðra, t.d. syngja, leika í leikriti eða segja sögu. Samræðutímar með börnunum, þar sem tekið er fyrir málefni sem brenna á þeim. Markviss vinna með að öll börn geti/fái að tjá sig að allar skoðanir séu réttháar.

Einstaklingsmiðum verkefni og höfum þau krefjandi. Þjóðum fjölbreytt val. Komum betur til móts við áhugasvið hvers barns. Hvetjum þau og styðjum til að gera sjálf, leiðbeinum á uppbyggilegan máta.

Við vinnum jafnt og þétt með Barnasáttmálann yfir veturinn. Ný réttindi eru kynnt í hverri viku og umræður um réttindi barna eru höfð í samverustund vikulega. Ábyrgðarmanneskja fyrir Barnasáttmálann fær undirbúningstíma til að kynna sér réttindi barna og hvernig er hægt að skapa umræður um réttindi með tilliti til aldurs og reynslu barna á deildinni.

Deildarstóri ber ábyrgð á matinu, með skráningu og vettvangsathugun og kynningu á niðurstöðum á deildarfundum. Sýnilegur árangur hjá börnunum er sá mælikvarði sem við munum styðjast við.



**Einstaklingsnámskrá:**

Markmiðið er að áherslupættir einstaklingsnámskrárinnar séu aldurssvarandi, þróa þarf fimm nýjar einstaklingsnámskrár þar sem hver námskrá tekur á því aldursbili. Deildarstjórar undirbúa vinnuna með áherslu á aldur barnanna á þeirra deildum. Á fagfundum verða námskrárnar þróaðar með samvinnu deildarstjóra og stjórnenda. Þróunarvinnan verður metin á fyrsta deildarstjórafundum í hverjum mánuði. Við vinnum einstaklingsnámskrárnar út frá AEPS og TRAS. Haustið 2022 eiga nýju námskrárnar að vera komnar í notkun en við höldum áfram að þróa þær út veturinn.

Deildarstjóri ber ábyrgð.

**Einstaklingsnámskrá:**

Markmiðið er foreldrasamvinna, foreldrar taki virkan þátt í gerð einstaklingsnámskrár barna sinna. Foreldrar séu meðvitaðir um að þeir geta haft áhrif á nám barna sinna. Með könnun fáum við sýn og þá áherslupætti sem foreldrar vilja leggja áherslu á.

Foreldrar fá opnar spurningar sendar heim ca. viku fyrir foreldraviðtölin. Þannig skapast vettvangur til þess að ræða um það sem foreldrar vilja að lagt sé áhersla á og þannig fá foreldrar einnig innsýn í starf deildarinnar.

Deildarstjóri ber ábyrgð.

**Leikur að læra:**

Leikur að læra gekk vel í vetur en við viljum þróa það enn frekar. Markmiðið er að börnin fari tvisvar í vikur í Leikur að læra stundir, LAL. Þær stundir verða í stundaskrá deildarinnar. Að starfsmenn deildarinnar kynnist Leikur að læra og geti skipulagt stundirnar, að fleiri en einn starfsmaður beri ábyrgð á LAL stundunum. Deildarstjóri ber ábyrgð á skipulagningunni og að starfsmennirnir fái tíma til að undirbúa LAL stundirnar. Skráning verður einu sinni í mánuði á deildarfundum og er þá farið yfir hvernig LAL stundirnar ganga. Eru þær alltaf, hvernig ganga þær og hvernig gengur að undirbúa þær? Það sem við leggjum áherslu á í vetur í LAL stundunum er meðal annars; stærðfræði og tölur, bókstafir, form, dýr og afkvæmi þeirra, líkaminn, farartæki, umhverfið og fleira.

Deildarstjóri ber ábyrgð.



## Innra mat Ungadeildar

| UMBÓTAPÁTTUR/<br>MATSPÁTTUR | Tækifæri til<br>umbóta                                                        | Aðgerðir til umbóta                                                                                                                                                                        | Ábyrgð        | Hefst         | Lokið         | Hvernig<br>metið/aðferðir?                                                                      | Viðmið um<br>árangur                                                                                 |
|-----------------------------|-------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------|---------------|---------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| TMT – Tákn<br>með tali      | Að efla notkun<br>TMT í daglegu<br>starfi                                     | Starfsfólk og börn æfa<br>sig saman inni á deild.<br><br>TMT spjöld hanga<br>uppi á vegg.<br><br>Notum TMT<br>markvissara í daglegu<br>starfi.<br><br>Þematengd tákn æfð í<br>samverustund | Deildarstjóri | Sept.<br>2022 | Maí<br>2023   | Skráning og<br>vettvangsathuganir.                                                              | Aukin notkun<br>TMT í daglegu<br>starfi.                                                             |
| Sjálfsfelling               | Að auka<br>sjálfstæði<br>barnanna og ýta<br>þannig undir trú<br>á eigin getu. | Barnasáttmálinn,<br>Bóka bíó og<br>sjálfsfellingarbækur.<br><br>Kynningar barna.<br><br>Tilfinningaverkefni.<br><br>Tilfinningaorðaforði.                                                  | Deildarstjóri | Sept.<br>2022 | Maí<br>2023   | Skráning,<br>ábyrgðarmaður gerir<br>vettvangskonnnun og<br>ræðir niðurstöður á<br>deildarfundi. | Sýnilegur<br>árangur hjá<br>börnunum.                                                                |
| Einstaklings-<br>námskrá    | Aldurssvarandi<br>námskrá                                                     | Þróun nýrrar<br>námskrár sem er<br>aldurssvarandi. Þróa<br>námskrána á<br>fagfundum<br>mánaðarlega.                                                                                        | Deildarstjóri | Sept.<br>2022 | Sept.<br>2023 | Skráning. Metið á<br>fyrsta<br>deildarstjórafundum<br>hvers mánaðar                             | Að námskráin sé<br>komin í notkun<br>haustið 2023                                                    |
| Einstaklings-<br>námskrá    | Virkja foreldra<br>til þátttöku.                                              | Könnun                                                                                                                                                                                     | Deildarstjóri | Sept.<br>2022 | Sept.<br>2023 | Skráning. Metið á<br>fyrsta<br>deildarstjórafundum á<br>hvers mánaðar.                          | Að námskráin sé<br>komin í notkun<br>haustið 2023                                                    |
| Myndlist                    | Myndlist út frá<br>nálgun Reggio<br>Emilia                                    | Gera opin efnivið<br>aðgengilegan<br>börnunum, styðja við<br>frjálsa myndsköpun<br>barna. Ýta undir<br>sjálfshjálpi barna og<br>verða við bókum um<br>að mála, klippa, líma,               | Deildarstjóri | Sept.<br>2022 | Maí<br>2023   | Skráning. Metið á<br>fyrsta<br>deildarstjórafundum<br>hvers mánaðar.                            | Að börnin temji<br>sér sjálfstæði<br>þegar kemur að<br>listsköpun út frá<br>nálgun Reggio<br>Emilia. |



|  |                                                        |  |  |  |  |  |
|--|--------------------------------------------------------|--|--|--|--|--|
|  | klippa o.s.frv. þó að slíkt sé ekki fyrirfram ákveðið. |  |  |  |  |  |
|--|--------------------------------------------------------|--|--|--|--|--|

## TMT

Við eigum að nota TMT í daglegu starfi en þurfum að gera enn betur. Markmiðið er að starfsfólk noti TMT í frjálsum leik með börnunum, í söngstund sem og í daglegum athöfnum. Einnig á að tákna með loðtöflu sögum. Allir starfsmenn, líka þeir sem ekki sinna söngstundinni hverju sinni, tákna með lögunum. Við ætlum líka nota málörvunarpóstkassann með börnunum t.d. eftir hádegismat eða hvíld. Á málörvunarspjöldin er hægt að líma TMT-tákn svo að hægt sé að læra ný orð samhliða nýjum táknum. Mikilvægt er að TMT sé sýnilegt og aðgengilegt, spjöld með myndum af táknum sé upp á veggjum. Deildarstjóri er fyrirmynd og hvetur bæði börn og starfsfólk til þess að nota táknin í samskiptum við börnin. Í frjálsum leik á alltaf að vera í boði að fara í TMT spil, nota spil af málörvunarveggnum.

**Samverustund og TMT:** Nokkrar samverustundir á viku verða tileinkaðar TMT þar sem farið verður yfir eitt þema – t.d. ávextir, útiföt, húsdýr o.s.frv. Ábyrgðarmanneskja fyrir TMT fær undirbúningstíma til þess að undirbúa þematengd tákn sem við, starfsfólk sem og börn, lærum vikulega. Við byrjum í september og við metum stöðuna á deildarfundum mánaðalega. Deildarstjóri verður þá búin að gera vettvangsathugun og skráningu og fer yfiriðurstöður með deildinni í lok skólaárs.

**Gagnabanki á Instagram:** Eins munum við deildarstjórar útbúa gagnabanka á Instagram-reikningi leikskólans þar sem að lag og tákn vikunnar verður sett inn vikulega. Þangað geta starfsmenn leitað til þess að læra ný tákn sem og börn og foreldrar.

**Tól:** Til að æfa okkur er hægt að nota vefinn [tmt.is](http://tmt.is), TMT orðabók sem er í leikskólanum sem og Tákn með tali á Instagram sem er B.A. verkefni í þroskaþjálfrafræðum fræðum við Háskóla Íslands.

## Sjálfsfelling:

Markmiðið er að börnin sýni aukið sjálfstæði, með hvatningu og tækifærum til þess að gera sjálf skapast vettvangur til náms fyrir börnin.

**Barnasáttmálinn:** Við vinnum jafnt og þétt með Barnasáttmálann yfir veturinn – ný réttindi eru kynnt til leiks í hverri viku og umræður um réttindi barna höfð í samverustund vikulega.

Ábyrgðarmanneskja fyrir Barnasáttmálanum fær undirbúningstíma til þess að kynna sér réttindi barna og hvernig hægt er að skapa umræður um réttindi með tilliti til aldurs og reynslu barnanna á deildinni.

**Bókabíó og sjálfsefingarbækur:** Við verðum með bókabíó einu sinni í viku og lesum sjálfsefingarbækur fyrir börnin og í kjölfarið bjóðum við börnunum upp á umræður í lok lesturs hverrar bókar.

**Kynningar:** Við verðum með vikulegar kynningar þar sem að hvert barn stendur fyrir framan hópinn og kynnir fjölskyldu sína, ferðalag, uppáhaldsleikfangið sitt eða hvað sem er út frá myndum sem foreldrar senda deildarstjóra. Við æfum okkur að hlusta á hvert annað og að koma fram fyrir framan hópinn.

**Tilfinningaverkefni:** Við vinnum með styrkleika barnanna en tölum einnig um það sem okkur finnst erfitt eða við hræðumst. Verkefnið gæti verið tilvalið til foreldrasamstarfs þar sem að börnin fara heim með blað sem þau fylla út með foreldrunum og koma með aftur í leikskólann. Saman vinnum við svo að því að leita leiða til þess að sigrast á hindrunum.

**Tilfinningaorðaforði:** Við skoðum lýsingarorð sem lýsa líðan okkar og skapgerð og lærum hvað hvert orð þýðir, t.d. stríðinn, sorgmæddur, áhyggjufullur o.s.frv. Þannig stækkum við orðaforða barnanna sem hjálpar okkur að tjá tilfinningar okkar og líðan.

Deildarstjóri ber ábyrgð á matinu, með skráningu og vettvangsathugun og kynningu á niðurstöðum á deildarfundi. Sýnilegur árangur hjá börnunum er sá mælikvarði sem við munum styðjast við.

#### **Einstaklingsnámskrá:**

Markmiðið er að áherslupættir einstaklingsnámskrárinnar séu aldurssvarandi, þróa þarf fimm nýjar einstaklingsnámskrár þar sem hver námskrá tekur á því aldursbili. Deildarstjórar undirbúa vinnuna með áherslu á aldur barnanna á þeirra deildum. Á fagfundum verða námskrárnar þróaðar með samvinnu deildarstjóra og stjórnenda. Þróunarvinnan verður metin á fyrsta deildarstjórafundum í hverjum mánuði. Haustið 2023 eiga nýju námskrárnar að vera komnar í notkun.

- AEPS 0-3 ára, smábarnalistinn, TRAS, vinna út frá einstaklingsmarkmiðum, leggja áherslu á skapgerð og tilfinninga þroska.

#### **Einstaklingsnámskrá:**

Markmiðið er foreldrasamvinna, foreldrar taki virkan þátt í gerð einstaklingsnámskrár barna sinna. Foreldrar séu meðvitaðir um að þeir geta haft áhrif á nám barna sinna. Með könnun fáum við sýn og þá áherslupætti sem foreldrar vilja leggja áherslu á. Deildarstjóri ber ábyrgð.

- Foreldrar fá opnar spurningar sendar heim ca. viku fyrir foreldraviðtal, þannig skapast vettvangur til þess að ræða um það sem foreldrar vilja að lagt sé áherslu á og þannig fá foreldrar einnig innsýn í starf deildarinnar.

## Myndlist:

Myndlist á Múlaborg á að ganga út frá hugmyndum Reggio Emilia þar sem stuðst er við opinn efnivið þar sem börnin velja sjálf viðfangsefni út frá eigin áhuga. Börnin njóta stuðning starfsfólks ef þau vilja eða þurfa – annars er miðað við að myndlistin sé sjálfsprottin en ekki fyrir fram ákveðin út frá þröngum ramma hinna fullorðnu. Starfsfólk hlýtur fræðslu um nálgun Reggio Emilia.

**Opinn efniviður gerður aðgengilegur:** Það þarf að útbúa opinn efnivið sem er aðgengilegur börnunum inni á deild. Efniviðurinn yrði í hæð barnanna og markmiðið væri að þau næðu í það sem þau vildu nota hverju sinni. Opinn efniviður er t.d. könglar, tölur, pappír, efnisbútar, sandur, hrísgrjón o.s.frv. Markmiðið er að gefa börnunum færi á að skapa og læra á sínum eigin forsendum, að þau stjórni ferðinni með þeim efnivið sem er í boði hverju sinni. Það er ekkert rétt eða rangt. Upplifunin og augnablikið er það sem skiptir máli – ferlið sjálft, en ekki lokaafurðin. Við hvetjum börnin til að gera tilraunir og prófa sig áfram.

**Myndlist vikulega í stundaskrá:** Í hverri viku er myndlist föst í stundaskrá en auk þess er börnunum gefið tækifæri á því að fara í myndlist ef áhugi er fyrir þar sem þau eiga rétt á því að móta eigið nám. Starfsfólk þarf að vera vakandi fyrir þessu og segja oftast já en nei ef barn óskar eftir því að mála, klippa eða líma t.d. Deildarstjóri ber ábyrgð á því að myndlist skipi mikilvægan sess á deildinni og styðst við óformlegar skráningu á fyrsta deildarstjórafundum hvers mánaðar. Í maí 2023 verður metið hvernig hefur gengið, þá verður metið hvort og hversu oft myndlist hafi verið í boði. Einnig er metið hvort starfsfólkið þekki nálgun Reggio Emilia þegar kemur að myndlist og börnin njóti sín sem best.

## Innra mat Hvolpadeildar

| UMBÓTAP<br>ÁTTUR/<br>MATSPÁTT<br>UR | Tækifæri til<br>umbóta                       | Aðgerðir til<br>umbóta                                                                                            | Ábyrgð        | Hefst     | Lokið       | Hvernig<br>metið/aðfe<br>rðir?                           | Viðmið<br>um<br>árangur                                            |
|-------------------------------------|----------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------|-----------|-------------|----------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------|
| TMT                                 | Að efla<br>notkun TMT<br>í daglegu<br>starfi | Starfsfólk æfir<br>sig í<br>undirbúning, á<br>deildarfundu<br>m og við<br>setjum upp<br>TMT spjöld<br>upp á vegg. | Deildarstjóri | Sept.2022 | Maí<br>2023 | Skráning og<br>vettvangsath<br>ugun<br>ábyrgðaraðil<br>a | Aukin<br>notkun<br>TMT í<br>daglegu<br>starfi,<br>þar á<br>meðal í |



|                      |                                                                   |                                                                                      |               |                |                |                                                                                     |                                                      |
|----------------------|-------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------|---------------|----------------|----------------|-------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------|
|                      |                                                                   | Notum TMT markvissara í frjálsum leik                                                |               |                |                |                                                                                     | frjálsum leik.                                       |
| Sjálfsefling         | Að auka sjálfstæði barnanna og ýta þannig undir trú á eigin getu. | Að starfsfólk gefi börnunum tækifæri á að gera hlutina sjálf með hvatningu.          | Deildarstjóri | September 2022 | Maí 2023       | Skráning, ábyrgðarmaður gerir vettvangsathugun og ræðir niðurstöður á deildarfundi. | Sýnilegur árangur hjá börnunum.                      |
| Einstaklings námskrá | Aldurssvarandi námskrá                                            | Þróun nýrrar námskrár sem er aldurssvarandi. Þróa námskrána á fag fundum mánaðarlega | Deildarstjóri | September 2022 | September 2023 | Skráning. Metið á fyrsta deildarstjóra fundi á hverjum mánuði.                      | Að námskráin sé komin í notkun haustið 2023          |
| Einsataklingsnámskrá | Virkja foreldra til þátttöku                                      | Könnun                                                                               | Deildarstjóri | September 2022 | September 2023 | Skráning. Metið á fyrsta deildarstjóra fundi á hverjum mánuði.                      | Að námskráin sé komin í notkun haustið 2023          |
| Könnunarleikur       | Uppgötvunarnám                                                    | Í hverri viku er könnunarleikur. Í stundartöflu deildarinnar er könnunarleikur.      | Deildarstjóri | September 2022 | Maí 2023       | Skráning                                                                            | Að börnin þekki könnunarleik og njóti sín í leiknum. |



## **TMT**

Við notum TMT í daglegu starfi en þar sem við þurfum að gera betur er að nota TMT í frjálsum leik. Markmiðið er að starfsfólk notar tákni með tali í frjálsum leik, að starfsfólk tákni lykilorð í setningum sem tengjast frjálsum leik (tákna t.d. leika, bíll, dúkka, kubba og þess háttar) og fá til þess undirbúningstíma, mikilvægt er einnig að allir taki ábyrgð og vinni saman. Við byrjum í september og við metum stöðina á deildarfundum mánaðalega. Deildarstjóri verður þá búin að gera vettvangsathugun og skráningu og fer yfirniðurstöður með deildinni. Í maí viljum við sjá sýnilegan árangur þar sem bæði börn og starfsfólk notar TMT í frjálsum leik.

### **Sjálfsfelling:**

Markmiðið er að börnin sýni aukið sjálfstæði, með hvatningu og tækifærum til þess að gera sjálf skapast vettvangur til náms fyrir börnin. Deildarstóri ber ábyrgð á matinu, með skráningu og vettvangsathugun og kynningu á niðurstöðum á deildarfundum. Sýnilegur árangur hjá börnunum er sá mælikvarði sem við munum styðjast við.

### **Einstaklingsnámskrá:**

Markmiðið er að áherslupættir einstaklingsnámskrárinnar séu aldurssvarandi, þróa þarf fimm nýjar einstaklingsnámskrár þar sem hver námskrá tekur á því aldursbili. Deildarstjórar undirbúa vinnuna með áherslu á aldur barnanna á þeirra deildum. Á fagfundum verða námskrárnar þróaðar með samvinnu deildarstjóra og stjórnenda. Þróunarvinnan verður metin á fyrsta deildarstjórafundum í hverjum mánuði. Haustið 2023 eiga nýju námskrárnar að vera komnar í notkun.

### **Einstaklingsnámskrá:**

Markmiðið er foreldrasamvinna, foreldrar taki virkan þátt í gerð einstaklingsnámskrár barna sinna. Foreldrar séu meðvitaðir um að þeir geta haft áhrif á nám barna sinna. Með könnun fáum við sýn og þá áherslupætti sem foreldrar vilja leggja áherslu á. Deildarstjóri ber ábyrgð.

### **Könnunarleikur:**

Markmiðið er að börnin fari í könnunarleik, uppgötvunarnám þar sem börnin uppgötva og kynnast opnum efnivið. Starfsfólk verður meðvitað um könnunarleikinn og hafi þekkingu á honum. Í hverri viku á að vera könnunarleikur, í stundarskránni á að vera ákveðinn tími þar sem könnunarleikurinn fær rými. Deildarstjóri ber ábyrgð á því að könnunarleikurinn fá þetta rými og ber ábyrgð á skráningu. Í maí 2023 verður metið hvernig hefur gengið, þá verður metið hvort og hversu oft könnunarleikurinn hafi verið í boði. Einnig er metið hvort starfsfólkið þekki leikinn og börnin njóti sín í honum.

## 4 Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2021-2022

|                                                                                                                                                                                                         |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Skipulagning sérkennslu 2021-2022</b><br>Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar.<br>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ? | Sérkennsla fer að öllu jöfnu fram í almennu starfi inni á deild. Ef um einstaklingskennslu er að ræða þá er hún í stuttan tíma í senn og þess gætt að barnið missi ekki af neinu. Tekin eru út 4-6 markmið úr einstaklingsnámskrá og unnið með þau sérstaklega í 6 vikur. Farið er yfir markmiðin á teymisfundi og þau endurmetin. Einstaklingskennsla fer fljótt út í það að bjóða einu eða fleiri börnum með eftir því hvað við á hverju sinni.<br>Það er vinnuregla í leikskólanum að þegar grunur vaknar um einhver frávík þá er byrjað strax að vinna með barnið. Við erum með PCS myndir og notum þær til stuðnings við allar daglegar athafnir. Við notum TMT samhliða myndunum. Þau börn sem eru óörugg með íslenska tungu fá dagbækur og/eða samskiptabækur. Við útbúum orðabækur með táknum til að leggja inn orð og tákn. Allar skráningar í sérkennslu eru eins uppbyggðar, merkt er við 0-1-2 eins og í AEPS færnimatinu. |
| <b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b><br>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.                                                                                                                           | Einstaklingsnámskrár eru unnar upp úr AEPS færnimatinu. Þroskajálfi/umsjónarmaður sérkennslu deildarinnar í samvinnu við sérkennslustjóra og foreldra fylla út lista og eru markmiðin valin út frá niðurstöðum athuganna og eru endurskoðuð á sex vikna fresti. Færnimatið er lagt fyrir minnst tvisvar sinnum á ári en það fer eftir framförum hvers og eins. Eins er Íslenski þroskalistinn lagður fyrir auk Smábarnalistans. TRAS skráningar á málþroska barna eru einnig notaðar. HLJÓM-2 er lagt fyrir elstu börnin.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              |
| <b>Hvaða námsefni var notað?</b><br>Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?                                                                                                                                    | PCS myndir eru stór þáttur í sérkennslu á Múlaborg og þarf stöðugt að yfirfara þær, endurnýja og búa til nýjar og töluverð vinna og útgjöld eru alltaf lögð í þá vinnu. Einnig felst mikil vinna í að útbúa orðabækur með táknum fyrir þau börn sem það þurfa. Við höfum verið að útfæra kennslugögn með tilliti til þeirra barna sem þess þurfa og einnig eru kennslugögn útbúin sérstaklega, m.a. fyrir barn með lög-blindu.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |

### Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

| UMBÓTAÞÁTTUR<br>/<br>MATSPÁTTUR             | Tækifæri<br>til<br>umbóta                                          | Aðgerðir<br>til<br>umbóta                                                                                | Ábyrgð                | Hefs<br>t    | Loki<br>ð   | Hvernig<br>metið/aðferði<br>r? | Viðmið<br>um<br>árangur                                         |
|---------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------|--------------|-------------|--------------------------------|-----------------------------------------------------------------|
| Kennslugögn<br>fyrir stækkunina             | Að<br>uppsetni<br>ng<br>sérkennsl<br>u sé eins<br>á milli<br>húsa. | Útbúa<br>PCS<br>myndir<br>og TMT<br>fyrir þær<br>3 deildir<br>sem eru<br>að<br>bæst<br>við<br>leikskólan | Sérkennslustjór<br>ar | Sept.<br>'22 | Des.<br>'22 | Rýnihópur                      | Reglulegir<br>fundir hjá<br>þeim sem<br>sinna<br>sérkennsl<br>u |
| Skipting<br>sérkennslugagn<br>a             |                                                                    |                                                                                                          | Sérkennslustjór<br>ar | Sept.<br>'22 | Maí<br>'23  | Rýnihópur                      | Fundagerð<br>ir                                                 |
| Fundir með<br>umsjónarmönn<br>um sérkennslu |                                                                    |                                                                                                          | Sérkennslustjór<br>ar | Sept.<br>'22 | Júní<br>'23 | Rýnihópur                      | Fundagerð<br>ir                                                 |
| Dagskipulagstöfl<br>ur og „búið“<br>kassi   |                                                                    |                                                                                                          | Sérkennslustjór<br>ar | Sept.<br>'22 | Des.<br>'22 | Rýnihópur                      | Fundagerð<br>ir                                                 |

Veturinn 2021-2022 hefur verið erfiður að mörgu leiti meðal annars vegna Covid takmarkanna. Það voru 10 börn sem nutu sérkennslu/stuðnings frá 2 og upp í 9 tíma á dag eða samtals 60 tíma á dag. 5 börn hafa verið í 1 flokki og 5 í öðrum, 7,5 stöðugildi hafa sinnt þessum stuðningstímum. 6 nýjar tilvísanir hafa verið sendar á þessu skólaári með tilliti til annara frávika en málþroska. Íslenskur þroskalisti og/eða Smábarnalistinn var lagður fyrir 2 börn til viðbótar. Sérkennslustjórar hafa að auki haft augun á 14 börnum fyrir utan börn með málþroskavanda.



Leikskólinn Múlaborg er að stækka við sig um 3 deildir og verða þær deildir í öðru húsi. Það er mikilvægt að þekking og reynsla á sérkennslu færist á milli og viðhaldist. Til að vel eigi að takast að stækka leikskólann en gæta þess jafnframt að þetta er einn leikskóli þarf að vanda vel til verka. Það þarf að gæta þess að sú þekking og færni sem hefur skapast á Múlaborg yfirfærist á milli húsa.

Við vinnum eftir Skipulagðri kennslu og þurfa öll svæði að vera vel merkt með PCS myndum og TMT hjálparspjöldum fyrir starfsfólk.

Í vetur voru 6 börn sem voru með sínar eigin dagskipulagstöflur og höfum við verið að föndra svokallaðan „búið“ kassa, sem helst illa á vegg. Við ætlum að kanna hvort ekki sé hægt að vera með þannig kassa úr plexi gleri og jafnvel að endurnýja dagskipulagstöflur sem margar hverjar eru orðnar mjög gamlar og slitnar.

Sá rýnihópur sem metur hvernig hefur tekist til eru þeir starfsmenn sem sjá um sérkennslu á hverri deild. Við munum funda fyrsta fimmtudag hvers mánaðar og fara yfir þessi markmið auk annarra verkefna. Fundargerð verður gerð og farið yfir á næsta fundi.

## 5 Innra mat – fjöltyngd börn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

|                                                                                                                      |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <i>Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?</i>                       | <p>Fjöldi barna af erlendum uppruna hefur verið að fá málörvun á Múlaborg en 21 barn er með annað tungumál en Íslensku á leikskólanum. Allir foreldrar hafa verið að fá tvö eða fleiri viðtöl (eftir þörfum) á ári þar sem túlkar hafa verið notaðir. Sum skjöl hafa verið einnig þýdd á önnur tungumál, eins og greiningapappírar og einstaklingsnámskrár. Túlkar hafa einnig verið að hringja í foreldra fyrir okkar hönd með stutt skilaboð.</p> <p>Auka kostnaður hefur alltaf fylgt framleiðslu á PCS myndum sem eru mikið notaðar í vinnu með börnum af erlendum uppruna.</p> <p>5 nýjar beiðnir um athugun talmeinafræðinga voru sendar á þessu skólaári og tvær eru í vinnslu</p> |
| <i>Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?</i> | <p>Markvisst er verið að vinna með daglegan orðaforða, börn fara í málörvun daglega í minni hópum á öllum deildum. Verið er að nota <i>Orðaskil</i> listann til hliðsjónar en hann gefur góða mynd af grunnorðaforða hjá ungum</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |



|                                                                                                                                                                                                                                              |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                                                                                                                                                                                                                                              | <p>börnum.</p> <p><i>PCS</i> myndir eru notaðar í daglega.</p> <p><i>TMT</i> er virkt á öllu deildum.</p> <p><i>Samskiptabækur</i> eru notaðar á öllum deildum, einnig sérútbúnaðar <i>orðabækur</i> á hverri deild.</p> <p><i>Gefðu 10</i> er notað á öllum deildum.</p> <p><i>Póstkassar</i> með myndum til málörvunar eru notaðir</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |
| <p><i>Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt?</i></p> <p><i>Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?</i></p>                                                                          | <p>Markvisst er verið að dýpka orðaforða barnanna. Mikið er af nýjum sérútbúnum spilum á <i>Veggnum</i>, spilum sem ná yfir mjög marga orðaflokka, yfirhugtök og stærðfræði svo eitthvað sé nefnt. Mikið er lesið fyrir börn. Skjábókum hefur fjölgað en það er afar vinsælt kennslufni ásamt loðtöflusögum. Börnin eru alltaf að læra ný og flóknari lög og vísur. Fjölbreytt dagskrá fyrir samverustundir er á öllum deildum. Þemadagar eru oft yfir árið auk þess að farið er alltaf yfir efni tengt íslenskum sérdögum, eins og Þorra og Þessháttar. Skávarpar eru notaðir á deildum, börn fá að fræðast um allt milli himins og jarðar, t.d. dýraríkið, geiminn og annað fræðslufni. Ýmsar aðrar leiðir eru farnar til að dýpka orðaforða, t.d. eru öll börn að fara í vettvangsferðir, taka þátt í stærri viðburðum eins og Barnamenningahátíð en slík verkefni kalla á mikla undirbúningsvinnu og úrvinnslu.</p> |
| <p><i>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt?</i></p> <p><i>Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</i></p>                                                                              | <p>Engin sérstök matstæki eru notuð til að mæla framfarir erlendra barna. Þær skráningar sem hafa verið í boði hafa fundist of umfangsmiklar en kennarar hafa haft þær til hliðsjónar. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir erlend börn alveg eins og fyrir öll önnur, í byrjun eru notaðir listar þar sem kennarar skrá orð sem barnið er komið með en þegar orðum fer að fjölga til muna tekur TRAS við. Verið er að skoða það að fara yfir TRAS oftast en tvísvar á ári til að sjá hvort barnið er að sýna framfarir. Hægt er að sjá framfarir í innihaldi samskiptabóka.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       |
| <p><i>Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.</i></p> | <p>Mikið er unnið með alla þessa þætti, sjálfsefning hefur t.d. verið aðahugtak í gegnum allt starfið í vetur og hefur það náð til allra barna. Markvisst er verið að vinna með hljóðkerfisvitund allra barna og hafa börn með annað tungumál en íslensku sýnt ágæta getu á HLJÓM-2 athugun. Unnið er með Lubba á öllum deildum. Verkefni</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |

|  |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |
|--|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|  | <p>Ég sjálfur hefur verið í gangi á eldri deildum þar sem börnin fengu að kynna sig og sitt heimili og áhugamál. Öll börn fá hlutverk á deildum sem þau velja sér sjálf, koma fram sem veðurfræðingar, kynna dagskipulag, verða söngstjórar og margt annað. Við reynum alltaf að ná til allra barna óháð tungumáli, það fá allir tækifæri til að læra á sínum hraða og eftir áhuga.</p> |
|--|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|

### Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

| UMBÓTAÞÁTTUR          | Tækifæri til umbóta                                                                                                                                                      | Aðgerðir til umbóta                                                                                             | Ábyrgð                   | Hefst      | Lokið      | Hvernig metið/aðferðir?  | Viðmið um árangur                                                                                   |
|-----------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------|------------|------------|--------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Málörvunar gögn       | Að öll spil eru heil og tilbúin fyrir næsta skólaár. Að borin er virðing fyrir spilum og leikföngum og að hugsun „spil og leikföng eru námsgögn“ sé ríkjandi á Múlaborg. | Farið ofan í hvern kassa/poka, innihald skoðað og yfirfarið. Færri en betri og heil spil skulu vera til staðar. | Kalina                   | Sumar 2022 | Sumar 2022 | Kynnt á starfsmannafundi | Að hafa frekar færri spil en öll heil og vönduð. Að auka spilanotkun og að vel sé gengið um spilin. |
| Skráningar á málörvun | Enn vantar upp á skráningar á málörvun                                                                                                                                   | Eftirfylgd, samvinna og                                                                                         | Kalina og deildarstjórar | Sept. 2022 | Maí 2023   | Fagfundir Deildarfundir  | Að skráning sé virk á                                                                               |



|                                                                   |                                                                                      |                                                                                   |                          |            |          |                                      |                                                                                                 |
|-------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------|--------------------------|------------|----------|--------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                                                                   | á eldri deildum þó svo að margt sé orðið bara nokkuð gott.                           | ábyrgð fagaðila. Gera skráninga r virkar og sem part af daglegri rúttinu kennara. |                          |            |          |                                      | öllum deildum.                                                                                  |
| Að virkja aftur aðkomu sérkennslu – stjóra við málörvun á deildum | Dregið hefur úr aðkomu sérkennslu stjóra á deildir vegna covid og afleysingast arfa. | Útbúa vinnupla n í samvinnu við deildarstjóra.                                    | Kalina og deildarstjórar | Sept. 2022 | Maí 2023 | Óformlegt mat á deildarstjór afundum | Að sérkennslu stjóri taki að sér málörvun á deildum til viðbótar við það sem gert er á deildum. |

## 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Aðstoðarleikskólastjóri lauk forystunámi

Tveir deildarstjórar luku Master í leikskólakennarafræðum

Einn fór á trúnaðarmannanámskeið Eflingar

Einn fór á trúnaðarráðsþing Eflingar

Einn fór á námskeið á Greiningastöð, Skipulögð kennsla

Einn fór á trúnaðarnámskeið Félag leikskólakennara

Einn útskrifaðist með Bed. í leikskólakennarafræðum.



Einn fór á Öryggistrúnaðarnámskeið og einn á Öryggisvarðanámskeið

Flestir starfsmenn fóru í námsferð til Alicante á Spáni. Þar sóttum við námskeið i kennsluaðferðinni Leikur að læra og skoðuðum leikskóla. Sumir fóru á byrjunarnámskeið og aðrir fóru á námskeið fyrir lengra komna.

Þeir sem voru heima fóru og skoðuðu aðra leikskóla og námskeið í Leikur að læra.

## 7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Gott samstarf er á milli Álftamýraskóla og Múlaborgar. Elstu börnin fara í heimsókn í skólann með reglulegu millibili. Þau upplifa valstund, borða hádegismat, fara í frímínútur og fl. tengt grunnskólagöngu. Einnig koma börn ú Álftamýraskóla til okkar á degi íslenskrar tungu og lesa fyrir börnin. Farið var einu sinni í frístundina og börnin léku sér þar og kynntust húsnæðinu.

## 8 Foreldrasamvinna

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári og fóru fram að þessu sinni í gegnum Teams, eða símtali. Foreldrar voru yfirleitt hrifnir af því og var ákveðið að hafa val um þetta á næsta ári. Kynningar á starfi deildanna fór fram í gegnum Teams líka. Fundur með foreldraráði fór einnig fram í Teams.

Samvinna við foreldra hefur gengið vel og hefur félagið séð um Sumarhátíð í samvinnu við leikskólann, keypt leikrit til sýningar, fengið ljósmyndara til að taka hómyndir og einstaklingsmyndir af börnunum og séð um að fara í Sveitaferð að vori. Félagið tók sig til og gerði útisvæðið snyrtilegt, máluðu, gerðu við og kantskáru túnin. Ný stjórn verður kosin í haust og erum við viss að um áframhaldandi gott samstarf.

## 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar verða:

- Hálfur starfsdagur 22.september ( Fengum að taka ½ dag fyrir fram á vorönn fyrir námsferð)
- Samræmdur starfsdagur 18.nóvember 2022
- Samræmdur starfsdagur 30.janúar 2022
- Starfsdagur 17.mars 2022
- Samræmdur starfsdagur 10.mai 2022
- Samræmdur starfsdagur 19.mai 2022



## 10 Fylgigögn

### 10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans .....

---

Leikskólastjóri

Dagsetning

### Fylgiskjal 3

## Starfsáætlun 2021 – 2022 Nafn leikskóla

### Umsögn foreldraráðs

#### Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX  
XXXXX XXXXXXXX  
XXXXX XXXXXXXX

## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



## **Mat á leikskólastarfi**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

## **Umsögn foreldraráðs:**

